Nr. 1700 16. desember 2024

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 360/2022, um útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna opinberra innkaupa.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs innanlands, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um opinber innkaup að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs, eru fyrir verksamninga 58.543.000 kr. Innkaup fyrir vöru- og þjónustusamninga innlands skulu miðast við viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu sem fram koma í 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerðin er sett með heimild í 23. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 16. desember 2024.*

F. h. r.

**Jón Gunnar Vilhelmsson.**

*Hrafn Hlynsson.*

B-deild – Útgáfudagur: 3. janúar 2025